

Alþingi
Erindi nr. P 143/597
komudagur 10.12.2013

10.12.2013

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar 6. desember sl. var tekin fyrir beiðni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn- frumvarp til laga um náttúruvernd, brottfall laga nr. 60/2013

Eftirfarandi var bókað:

Arna Ír Gunnarsdóttir, S-lista, lagði fram eftirfarandi bókun:

„Undirrituð sér ekki ástæðu til að afturkalla nýsett náttúruverndarlög (L.nr. 60/2013) og leggst því gegn frumvarpinu. Engin knýjandi rök eru fyrir afturköllun laganna, heldur er nú, líkt og var við samþykkt þeirra, ástæða til að fagna gildistöku þeirra. Efling almannaréttar, ítrekun banns við utanvegaakstri og aukin vernd náttúruyfyrirbæra skiptir allt miklu máli fyrir komandi kynslóðir. Hin sívaxandi atvinnugrein, ferðaþjónustan, mun njóta góðs af lögunum og mun eflast með gildistöku þeirra. Sá tími á að vera liðinn í íslenskri lagasetningu að framkvæmdir og rask sem valda náttúruspjöllum hafi forgang gagnvart gildi náttúruverndar, útivistar og þess að tryggja að við búum komandi kynslóðum sambærileg gæði lands og við höfum notið.“

Arna Ír Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi S-lista.

Þórdís Eygló Sigurðardóttir, V-lista, tók undir bókunina.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

Rósa Sif Jónsdóttir
ritari